

Vesturbyggð
Óskar Örn Gunnarsson, skipulagsfulltrúi
Aðalstræti 75
450 Patreksfjörður

Reykjavík, 8. nóvember 2021

Tilvísun: 201704005 / 3.2

Efni: Aðalskipulag Vesturbyggðar 2018-2035 til staðfestingar

Vesturbyggð hefur, með erindi dags. 27. september 2021, sent Skipulagsstofnun endurskoðun á aðalskipulagi Vesturbyggðar til staðfestingar skv. 3. mgr. 32. gr. skipulagslaga.

Aðalskipulagsbreytingin var samþykkt í bæjarstjórn Vesturbyggðar 15. september 2021 ásamt svörum við athugasemdum sem bárust við auglýsta tillögu.

Eftirfarandi gögn fylgdu erindinu: Skipulagsgreinargerð dags. í ágúst 2021, umhverfismatsskýrsla dags. í ágúst 2021, sveitarfélagsuppdráttur í mkv. 1:75.000 dags. í apríl 2020, þéttbýlisuppdrætti af Patreksfirði og Bíldudal í mkv. 1:5000 dags. í september 2021 ásamt fylgigögnum með afriti af athugasemdum og svarbréfum. Í erindi sveitarfélagsins er ekki tilgreint hvort sveitarstjórn hafi birt auglýsingu um niðurstöðu sína.

Með bréfi Skipulagsstofnunar, dags. 18. október sl., var kallað eftir skýringum og lagfæringum sveitarfélagsins vegna tiltekinna atriða sem listuð voru í bréfinu. Skipulagsstofnun hefur farið yfir viðbrögð Vesturbyggðar og lagfærð málsgögn og bendir á eftirfarandi atriði sem sveitarstjórn þarf að bregðast við og lagfæra áður en unnt er að staðfesta aðalskipulagstillöguna.

Frístundabyggð

Í bréfi Skipulagsstofnunar var lagt til að felld yrði niður ný 16 ha frístundabyggð (17 lóðir) í landi Hamars og Vaðals við Barðaströnd, F2, sem var bætt við í greinargerð og á sveitarfélagsuppdrætti eftir auglýsingu. Skýring Vesturbyggðar á því hvers vegna frístundabyggðinni var bætt við eftir auglýsingu breytir ekki þeirri afstöðu Skipulagsstofnunar að ný frístundabyggð á þessu svæði kalli á kynningu og samráð við stofnanir og hagsmunadila eins og Veðurstofu Íslands, Umhverfisstofnun, Minjastofnun Íslands og Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða. Jafnframt skuli meta hvort vinna þurfi staðbundið hættumat fyrir frístundabyggðina vegna hættu á ofanflóðum.

Stofnunin leggur til að unnin verði samhliða breyting á aðalskipulagi og gerð deiliskipulags frístundabyggðarinnar þegar aðalskipulagið hefur tekið gildi. Með málsmeðferð verulegrar breytingar á aðalskipulagi skv. 1. mgr. 36 gr. skipulagslaga er tryggt að hlutaðeigandi umsagnaraðilum sé fullkunnugt um málið.

Vegir í náttúru Íslands

Þverun Kjálkafjarðar hefur verið bætt við á kort yfir vegi í náttúru Íslands, hvort tveggja í greinargerð á bls. 83 og á þemauppdrætti í A4. Hins vegar hafa seinfærir vegir (F1) fallið út af korti í greinargerð en vantaði áður á þemauppdrátt. Bæta þarf seinfærum vegum við á bæði kortin.

Gögn sem þarf að lagfæra

Yfirfara þarf eftirfarandi:

- Nauðsynlegt er að allir flákar/svæði sem merkt eru með lit landbúnaðarsvæðis séu auðkennd með L1 svo að stafræn gögn birtist rétt.
- Viðauki 1 með umsögnum vegna vinnslu aðalskipulagsins er ekki nauðsynlegur í endanlegum skipulagsgögnum. Í viðauka mega hins vegar vera þemauppdrættir greinargerðar í A4 eins og lagt er til í svarbréfi Vesturbyggðar, en eru ekki komnir inn.
- Það vantar að merkja landnotkunarreitinn SN3 við Brjánslæk á sveitarfélagsuppdrátt í samræmi við greinargerð.
- Minnt er á að breyta heiti aðalskipulagsins á forsíðu greinargerðar þannig að endanlegur titill komi fram (fjarlægja „tillaga“) og uppfæra dagsetningu í samræmi við endanlega útgáfu.
- Athygli er vakin á ósamræmi í yfirskrift þéttbýlisuppdrátta fyrir Patreksfjörð og Bíldudal. Einnig vantar yfirskrift á sveitarfélagsuppdrátt.

Önnur atriði

Skipulagsstofnun bendir á þörf á prófarkalestri skipulagsgagna, einkum á umhverfismatsskýrslu þar sem töluasetning kafla í umhverfismatsskýrslu er á reiki, hvort tveggja í efnisyfirliti og inni í texta. Sem dæmi um það sem vert er að lagfæra má nefna:

Í greinargerð:

- Bls. 26: Laga Íþ12 í töflu 4.4.2, þar stendur Íþ123.
- Bls. 46: Síðustu setningu fyrir töflu um verslun og þjónustu er ofaukið.
- Bls. 50: Hér vantar flokk fyrir E1 í töflu yfir námur.

Í umhverfismatsskýrslu:

- Bls. 21: Það vantar eitt svæði á náttúruminjaskrá í töflu miðað við að þau eigi að vera níu skv. kafla 1.7 á bls. 18.
- Bls. 23-24: Texti undir mynd 10 á við mynd 11 og öfugt.
- Bls. 75: Lista yfir lög á bls. 75 á eftir að uppfæra þannig að standi „lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana“.

Skipulagsstofnun mun staðfesta Aðalskipulag Vesturbyggðar 2018-2035 þegar lagfærð skipulagsgögn hafa borist í fjórum eintökum, þar sem frístundabyggð F2 hefur verið felld burt. Einnig þarf að berast lagfærð vegaskrá (einnig á landupplýsingaformi) og afrit af auglýsingu um niðurstöðu bæjarstjórnar.


Sigurjón Jóhannsson